

## Umsögn

### um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022.

Frá 3. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

#### Almennar athugasemdir.

*Skortur á gagnsæi milli fjármálastefnu og fjármálaáætlunar.*

Í álitum fjármálaráðs frá 14. febrúar um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun er bent á að gagnsæi skorti í vinnubrögðum, þ.e. að ekki hafi verið miðað við grunnþing laga við gerð áætlunarinnar og að ekki sé ljóst hvort því sem sett var fram í fjármálastefnunni sé fylgt eftir í áætluninni eða hvort mikilvæg atriði séu í áætluninni sem ekki eru til staðar í stefnunni. 3. minni hluti tekur undir þessa gagnrýni og telur að þetta þurfi að skýra nánar. Hugmyndafræðin á bak við fjármálaáætlun gengur út á að útgjaldarammar séu settir á 34 málaefnasvið til fimm ára og í framhaldinu er lagt fram fjármálafrumvarp til hvers árs. Öll stefnumótunin gengur út að samþykkja ramma fyrir hvern málaflokk. Hins vegar er óljóst hvað hver eining fær innan rammans og því erfitt fyrir löggjafarvaldið að átta sig á framlögum til einstakra stofnana.

*Stefnuhermun og sviðsmyndaspá í fjármála- og efnahagsráðuneyti.*

Ljóst er að huga þarf betur að samspili spágerðar og stefnu. Þjóðhagsspár Hagstofunnar sem lagðar eru til grundvallar fjármálastefnunni geta ekki sagt til um hvaða áhrif ný fjármálastefna mun hafa á efnahagsþróunina og hagspár. Stefnuhermun og sviðsmyndaspá þarf að framkvæma til að hægt sé að segja til um framvindu fjármálastefnunnar. Engin slík vinna er nú til staðar í stjórnkerfinu en æskilegt er að fjármála- og efnahagsráðuneytið fari í verkefnið til að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika í stefnumótuninni. Þannig fær ráðuneytið aukna pólitíska ábyrgð á lykilaðvörðunum og efnahagslegri þýðingu þeirra sem er lykilatriði.

*Misvísandi skilaboð um aðhaldsstig ríkisfjármála hjá stjórnvöldum.*

Samkvæmt fjármálaáætlun fer aðhaldsstigið vaxandi og nefnt er að ekki sé leiðrétt fyrir hagsveiflu. Mun æskilegra væri að miða við frumjöfnuð til að meta aðhaldsstigið eins og bæði fjármálaráð og Seðlabanki Íslands hafa bent á. Það er ámælisvert að mati 3. minni hluta að stjórn peningamála og ríkisfjármála séu ekki samstíga í að meta aðhaldsstigið. Framsetning fjármálaáætlunar er óskýr og gagnsæi skortir.

#### Tekjuhlíðin í fjármálaáætlun.

*Þróun virðisaukaskatts.*

Í fjármálaáætlun eru kynntar breytingar á virðisaukaskattkerfinu þar sem gistipjónusta og önnur ferðapjónustutengd starfsemi færir úr neðra þrepi í almennt þrep virðisaukaskatts – úr 11% í 24% hinn 1. júlí 2018.

*Samkeppnishæfni ferðapjónustunnar telst í tvísýnu.*

Eftir breytingar á virðisaukaskatti mun ferðapjónustan á Ísland bera einna hæstu skattana í samanburði við samkeppnislöndin. Ljóst er að þetta mun hafa áhrif á greinina og sér í lagi

þar sem krónan hefur styrkst verulega síðustu 18 mánuði. Í álitum Alþjóðdagjaldeyrissjóðsins frá 28. mars 2017 er bent á mikilvægi þess að rekstrarumhverfi sé samkeppnisfært og að atvinnugreinin sé sjálfbær. Fyrirhuguð hækkun mun draga úr samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar. Stjórnvöld í Danmörku hafa ekki góða reynslu af því að hækka virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna mun meira en í öðrum ríkjum og áhrifin komu ekki fram fyrir en nokkrum árum síðar. Þessi reynsla ætti að vera stjórnvöldum víti til varnaðar.

#### *Skortur á samvinnu.*

Fram hefur komið á fundum nefndarinnar að engin formleg samvinna hafi átt sér stað við samtök aðila í ferðaþjónustu. Fulltrúar frá markaðsstofum landshluta gerðu einnig verulega athugasemd við þetta og er það bagalegt að ekki hafi verið unnið nánar með aðilum greinarinnar til að leita leiða sem kunna að vinna betur að því markmiði stjórnvalda að afla frekari tekna fyrir ríkissjóð en draga ekki jafnmikið úr samkeppnishæfni atvinnugreinarinnar.

#### *Tímarammi framkvæmdarinnar óskynsamlegur.*

Gert er ráð fyrir að hækkunin komi til framkvæmda 1. júlí 2018. Rekstraradilar hafa bent á að betra sé að framkvæma slíka hækkun í byrjun hvers árs. Telur 3. minni hluti að farsælla væri að miða við upphaf ársins og veita fyrirtækjum í ferðaþjónustu rýmri tíma til að geta aðlagð reksturinn að hækkuninni.

#### *Landsbyggðarskattur.*

Dvalartími ferðamanna er þegar byrjaður að stytast og má leiða að því líkum að umsvifin á landsbyggðinni minnki vegna þessa. 3. minni hluti gagnrýnir verulega að stjórnvöld hafi ekki greint hver áhrifin verða á rekstur fyrirtækja út frá staðsetningu þeirra.

3. minni hluti telur að hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu sé misráðin við núverandi aðstæður og að framkvæmdin beri keim af undirbúnings- og stjórnleysi. Skynsamlegra hefði verið að horfa til annarra gjalda sem nefnd eru hér á eftir.

#### *Komugjöld.*

Í stað þess að hækka virðisaukaskatt væri skilvirkara að setja nýtt gjald á ferðamenn við komu til landsins (náttúrugjald) sem skili um 3 milljörðum kr. árlega í ríkissjóð. Um verði að ræða tímabundnar álögur sem varið verði til nauðsynlegrar uppbyggingar í 3–5 ár. Að þeim tíma loknum verði andvirði skattanna ráðstafað í stöðugleikasjóð til sveiflujafnandi aðgerða í framtíðinni. Tengja þarf gjaldtökuna við stýringu ferðamanna til landsins þannig að náttúrugjald, farþegagjald eða lendingargjald verði mismunandi milli flugvalla og árstíða.

#### *Gistináttagjald.*

3. minni hluti telur að gistináttagjald eigi í auknum mæli að renna til sveitarfélaganna. Einnig þarf að endurskoða með hvaða hætti það er framsett og ætti það að verða ákveðið hlutfall af gistináttakostnaði, ekki föst krónutala eins og nú er en það felur í sér ójafnræði á milli þeirra sem selja gistingu í ólíkum verðflokkum.

#### *Auðlindagjöld og stöðugleikasjóður.*

3. minni hluti telur að auðlindagjöld beri að taka af auðlindum hagkerfisins og verja andvirði þeirra til að byggja upp stöðugleikasjóð. Líta má til gjalda á ferðaþjónustu, orkuiðnað og sjávarútveg í þeim efnum.

Alþingi, 9. maí 2017.

Lilja Alfreðsdóttir.